

BORGARRÁÐ 14. október 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fatlaðir umsækjendur um húsnæði sjái hvar umsókn þeirra er stödd - R21100337

Mikilvægt er að fatlaðir einstaklingar sem sækja um húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar geti hafi yfirsýn yfir það hvar umsóknir þeirra um húsnæði sé í kerfinu. Því miður er það ekki þannig núna og hvorki sá sem sækir um eða starfsmenn þjónustumiðstöðva geta séð hvar í röðinni viðkomandi umsókn er. Dæmi um gott fyrirkomulag á umsóknum eftir húsnæði er leigufélagið Bjarg þar sem þú sérð á mínum síðum hvar umsókn þín er, hversu margar íbúðir eru í byggingu og umsókn þín er „lifandi“ þannig að hún uppfærist við hverja nýja úthlutun hjá félaginu. Þetta mætti Reykjavíkurborg taka sér til fyrirmyndar enda mjög hjálplegt bæði fyrir þá sem sækja um húsnæði og ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum. Því er lagt til að Reykjavíkurborg bæti sýnileika þeirra sem sækja um húsnæði á vegum borgarinnar.